

## Símafundur stjórnar 5.janúar 2017

Mætt voru Sveinn Steinarsson formaður, Vignir Sigurðsson, Eysteinn Leifsson, Jón Bjarni Þorvarðarson, Magnús Jósefsson og Hallveig Fróðadóttir sem ritaði fundargerð.

### Skipan í fagráð

Formaður fór yfir það að skipa þarf tvo aðila í fagráð í stað þeirra Bjarna Páls Vilhjálmssonar og Vignis Siggeirssonar og rifjaði upp hverjir núverandi fagráðsfulltrúar eru. Einnig greindi formaður frá því að FT hefur skipt út sínum fulltrúa í fagráði og mun Siguroddur Pétursson verða þeirra fulltrúi næstu misseri. Því næst fór stjórn yfir þá einstaklinga sem helst koma til greina í þetta skiptið en mikilvægt er að þeir sem verða fyrir valinu hafi mikinn áhuga á starfi fagráðs. Þá var líka rætt og ákveðið að skipa nýjan varafulltrúa í fagráð í stað Stefáns Sveinssonar, en það hefur sýnt sig að mikilvægt er að hafa tiltækan varafulltrúa sem getur brugðist við með stuttum fyrirvara. Sveinn mun ræða við aðila og bjóða þeim setu í fagráði. Stjórn Félags hrossabænda þakkar þeim sem nú kveðja fagráðsstarfið fyrir þeirra vinnuframlag.

### Fundarferð formanns og ábyrgðarmanns hrossaræktarsviðs

Stefnt er að árlegri fundarferð um landið í byrjun mars. Margt liggur fyrir sem þarf að kynna m.a. áhrif niðurfellingar búnaðargjalds á Félag hrossabænda og Bændasamtökin og hvernig þessari tekjuminnkun verður verður mætt hjá FHB. Áherslur í Horses of Iceland verkefninu ræddar og ýmislegt fleira.

### Búvörusamningur

Rætt um nýgerðan búvörusamning og hvort hrossabændur hafi ekki komið að honum. Sveinn segir að félaginu hafi ekki staðið til boða að vera beinn aðili að samningnum en að þau tækifæri sem í samningnum liggja fyrir okkar félagsmenn liggja fyrst og fremst í Rammasamningnum og eru almenns eðlis t.a.m jarðræktarstyrkir og nýliðastuðningur o.fl. en það er nýlunda að hrossabændum standi sá stuðningur til boða með þessum hætti

Mikil áhersla lögð á það á fundinum að nýgerðir samningar verði vel kynntir. Einnig rætt að mikilvægt sé að koma á framfæri þeirri staðreynd að hrossarækt, hestamennska og hverskyns hestatengd ferðþjónusta eigi mikinn þátt í að viðhalda byggð í sveitum landsins og þurfi að horfa til þess þegar landbúnaður er studdur með einhverjum hætti. Þessu þarf að koma á framfæri við þá nefnd sem var sett á laggirnar s.l vor og á að fjalla um byggðamál sem miða að því að treysta innviði og búsetu í sveitum landsins.

Formaður biður stjórnarmenn um að hafa í huga væntanlega fundarferð, huga að mögulegum fundarstöðum á sínum svæðum, koma með tillögur um fundarefni, og hugsa leiðir til að bæta fundarsókn.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið.